

Deka Fiber

Trefjastyrkt múrblanda

Notkunarsvið

Deka fiber múrblanda er hraðþornandi, frostþolin trefjastyrkt viðgerðarblanda, sem rýrnar ekki. Hentar í allar viðgerðir, sérstaklega á álagsstaði. Má bæði sprauta og handleggja.

Kostir

Þornar á stuttum tíma, rýrnar ekki og hefur mikinn styrk.

Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypta fleti 10-40 mm

Forvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementsslamma og önnur óhreinindi. Viðgerðarflötinn skal afmarka með því að skera með slípirokk, 10mm brún vinkilrétt á flötinn. Síðan skal hreinsa mjög vel og höggva burt alla lausa og morkna steypu. Skola skal burt öllu ryki og lausum ögnum. Gætið þess að viðgerðin sé hvergi þynnri en 10mm.

Ásetning

Hitastigið við notkun og næstu 24 klst verður að vera yfir 5°C.

Til að tryggja viðloðun við eldri steypu þarf að bleyta sárið vel fyrir viðgerð. Við erfiðar aðstæður er gott að kústa sárið með velling/slamma. Hrærið saman Deka Fiber og vatni þar til úr verður blautur kústunarhæfur slammi. Kústið slammanum á flötinn og leggið viðgerðarblönduna í blautt sárið.

Sprautið eða handleggið Deka Fiber viðgerðarefnið í 10-40mm lag.

Ef lagið verður meira en 20 mm þykkt þarf að setja vírnet til styrktar viðgerðinni, sem næst miðri lögninni, þó aldrei nær yfirborði en 10mm Hreinsið áhöld strax með vatni.

Við viðgerðir á köntum, tröppum og þ.h. þarf að afmarka viðgerðarsvæðið með mótí. Neglið réttskíði á viðkomandi svæði og leggið að því. Fjarlægið réttskíðina varlega þegar efnið hefur harðnað, en áður en það nær fullum styrk.



Blöndun

Vatnsmagn í 25 kg.

Handlögn með múrskeið: 3,5-4,0L hreint vatn.

Fyrir sprautu: 4,0-4,5L hreint vatn.

Hellið efninu út í vatnið (lægri mörk)

Hrærið saman með hægðengri borvél í 3-4 mín, bætið meira vatni í ef þarf til að ná æskilegri þykkt, þó aldrei meira en gefið er upp hér að ofan.

Hrærið aftur í 2-3 mín.

Notkunnartími blöndu er 30 mín við 21°C

Efnisnotkun

1 mm þykkt = 1,9 kg/m²

5 mm þykkt = 9,5 kg/m²

10 mm þykkt = 19 kg/m²

Geymsluþol

12 mánuðir í þurri geymslu.

Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi.

Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á ofangreindar upplýsingar sem leiðbeinandi.

MÚRBÚÐIN